

Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur.

Líknarfélagið Dyngjan opnaði áfangaheimili að Snekkjvogi 21. Reykjavík 9. Apríl 1988. Heimilið er aðeins fyrir konur, skipulagt að þörfum þeirra sem eru að koma úr áfengis og vímuefna meðferð, þeim veittur samastaður og stuðningur meðan þær koma undir sig fótunum í nýju lífi. Þeim er gefið svigrúm til að byggja upp allsgáðan ábyrgan lífstíl að lokinni meðferð. Aðstaða er fyrir 14 konur í senn á heimlinu.

Aðstæður kvennanna sem koma á heimilið eru mismunandi, en við það að veita þeim heimilisöryggi og stuðning við breitt líferni eignast þær von og trú til að takast á við önnur vandamál sem eru fylgifiskar liðins tíma. Í sumu tilfellum hafa konurnar börn sín hjá sér á heimilinu. Aðrar eru að tengjast börnum sínum að nýju eftir aðskilnað.

Dyngjan veitir konunum allan þann stuðning sem þær þurfa fyrir breittan lífstíl. Stuðningurinn felst á að veita heimilisöryggi og alla heimilisaðstoð. Ráðgjöf frá áfengis og vímuefnaráðgjöfum. Fundum með félagsmálafulltrúum og barnavemdaneftum. Stuðning til náms og eða vinnu. Stuðning til líkamsræktar og heilsuráðgjafar. Hvattningu til ábyrgðar í fámálum.

Dvalartíminn er mislangur, miðað er við að vera frá þremur mánuðum til eins árs eftir aðstæðum. Aldursdreifingin er frá 18. til 65 ára aldurs.

Rekstur Dyngjunnar er í umsjón 7 manna stjórnar sem fundar mánaðarlega en stjórnin er skipuð sjálfboðaliðum. Launuð störf eru: Forstöðukona sem starfar á heimilinu alla virka daga með bakvakt alla sólarhringinn 6 dag vikunnar. Áfengis og vímuefnaráðgjafar sjá um helgarbakvaktir.

Rekstur Dyngjunar er tryggður með ýmsum framlögum, vistgjöldum frá heimiliskonum, sjálboðastarfi og ýmsum gjöfum einstaklinga og fyrirtækja. Styrkjum: frá ríki og borg, sveitarfélögum, samtökum og velferðarsjóðum.

Dyngjan hefur notið þess undanfarin ár að fá til rekstur síns styrk frá Velferðarráðuneytinu.

Aldís Höskuldsdóttir
Forstöðukona Dyngjunnar.